

Colas Ísland ehf.  
Gulhelli 1  
221 Hafnarfjörður

Selfossi, 7. nóvember 2024  
UST202409-169/K.B.B.  
08.04

### **Tillaga að breytingum á starfsleyfum Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær Colas hf. vegna Ammann 1, Ammann 2, Anomatic, Benninghoven og Marini.**

Umhverfisstofnun áformar breytingu á starfsleyfum Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær Colas hf., kt. 420187-1499, vegna fimm malbikunarstöðva með breytilega staðsetningu. Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf (hér eftir rekstraraðili) er með gildandi starfsleyfi fyrir Ammann 1, Ammann 2, Anomatic og Marini frá 10. desember 2020 til 10. desember 2036. Starfsleyfið fyrir Benninghoven er í gildi frá 20. ágúst 2021 til 20. ágúst 2037. Rekstraraðili hefur breytt um nafn frá útgáfu starfsleyfanna og heitir í dag Colas Ísland ehf., kennitala rekstraraðila hefur ekki tekið breytingum.

Umhverfisstofnun hefur að eigin frumkvæði gert tillögu að breytingum á starfsleyfum rekstraraðila þar sem ákvæði starfsleyfanna um stöðuleyfi er fellt á brott. Breytingar snúa því allar að því að taka út efnislega umfjöllun starfsleyfanna um „stöðuleyfi“. Fjallað er um stöðuleyfi í ákvæði 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Í ákvæðinu eru tæmandi taldir upp þeir lausafjármunir sem sækja skal um stöðuleyfi fyrir og eru malbikunarstöðvar ekki þar á meðal.

Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytingar á starfsleyfisskilyrðum skal Umhverfisstofnun auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki fjórar vikur. Umhverfisstofnun telur að um minniháttar breytingu sé að ræða og því óþarft að endurskoða starfsleyfið í heild, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998.

**Umhverfisstofnun áformar að gera eftirfarandi breytingar á starfsleyfum rekstaraðila:**

Nafn rekstaraðili í starfsleyfinu tekur breytingum og verður *Colas Ísland ehf.* í stað *Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.*

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 1.1 í starfsleyfunum:

Fella brott „og ákvarðanir um stöðuleyfi“ í 2. másl. 4. mgr.

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 1.2 í starfsleyfunum:

Breytingar verða á titli greinarinnar: Í stað „*Umfang starfseminnar og stöðuleyfi* “ kemur „*Umfang starfsemi*“.

Fella brott 3. másl. 1. mgr.: „*Stöðin skal hafa leyfi fyrir staðsetningu stöðvarinnar sbr. gr. 3.11.*“

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 2.5 í starfsleyfinu:

Í stað „þann stað sem stöðin hefur stöðuleyfi “ í 1. másl. 1. mgr. kemur „*staðsetningu stöðvarinnar*“.

Eftirfarandi breyting verður á gr. 3.11:

3.11 orðast svo:

3.11 staðsetning

Rekstraraðili skal gera Umhverfisstofnun (ust@ust.is) viðvart þegar fyrirhugað er að flytja stöðina á nýjan stað. Rekstraraðila er skylt að senda Umhverfisstofnun skriflegt samþykki viðkomandi landeiganda og sveitarfélags fyrir stöðinni. Þegar flutningi stöðvarinnar er lokið skal tilkynna það til Umhverfisstofnunar.